



Reykjavík, 3. desember 2018

VEL2018020009

RÁ/at

Lagt fyrir fund velferðarráðs 5. desember 2018

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### *Tillaga um niðurlagningu herbergjasambýlis að Vesturbrún 17*

Lagt er til að herbergjasambýlið að Vesturbrún 17 verði lagt niður vegna vaxandi færniskerðingar, aðgengisvanda og bágs heilsufars íbúa. Jafnfamt er lagt til að íbúar sambýlisins, fjórir talsins, fái tilboð um búsetu í nýjum íbúðakjarna fyrir aldrað fatlað fólk í Þórðarsveig 1-5.

#### ***Greinargerð:***

Herbergjasambýlið að Vesturbrún 17 var stofnað árið 1986 og var þá skilgreint sem sambýli fyrir þroskahamlað fólk með meðal þjónustupunga og vaxandi þjónustufarfir sökum öldrunar. Húsið er einbýlishús á tveimur hæðum, brattur snúinn stigi er á milli hæða. Hver íbúi hefur sitt herbergi en borðstofa, eldhús og hreinlætisaðstaða er sameiginleg. Upphaflega voru fimm íbúar að Vesturbrún en vegna aðstæðna í húsinu hefur ekki verið unnt að úthluta í fimmta herbergið síðast liðin þrjú ár. Íbúar eru orðnir aldraðir og líkamlegt ástand þeirra fer hratt versnandi.

Vegna aldurstengdra sjúkdóma og mikillar færniskerðingar eiga tveir af íbúum efri hæðar hússins orðið mjög erfitt með stigann og oftast en ekki kemst annar þeirra ekki upp í svefnherbergi sitt og þarf þá að gista í bráðabirgðarúmi í sameiginlegri stofu á neðri hæð hússins.

Aðstæður í húsinu eru með þeim hætti að hjálpartæki nýtast illa og komast jafnvel ekki inn. Hurðarop eru þröng og alls staðar eru þröskuldar. Ekki dugar að flytja fólk niður eða útbúa annað herbergi á neðri hæð vegna skorts á hreinlætisaðstöðu þar. Mikil viðhaldsþörf er komin á húsið og það hentar engan veginn öldruðu fötluðu fólk með færniskerðingar og minnisglöp.

Stöðugildi eru 6 og duga ekki til að manna húsið með tveimur starfsmönnum í vökutíma íbúa sem er lágmarksþörf til að tryggja öryggi þeirra. Þjónustuförf íbúanna og erfiðleikar við að koma að hjálpartækjum skapa einnig þá stöðu að ekki er hægt að ætlast til þess að einn starfsmaður sinni fjórum íbúum sem eiga erfitt með gang og aðrar hreyfingar en þurfa samt að komast á milli herbergja, á salerni, upp í rúm og þess háttar.

Félagbústaðir eiga íbúðir í Þórðarsveig 1 - 5 sem eru aðgengilegar og nýtast vel öldruðu fólki með farniskerðingar. Húsið er ætlað fyrir aldrað fólk og hreyfihamlaða og var við hönnun þess haft að leiðarljósi að íbúar geti búið þar sem lengst. Lagt er til að fengnar verði fjórar íbúðir í Þórðarsveig sem nýttar verði fyrir íbúðakjarna núverandi íbúa Vesturbrúnar auk einnar íbúðar fyrir starfsmannaaðstöðu. Í dag hafa þrjár íbúðir þegar verið losaðar og möguleiki á að fleiri losni í framtíðinni.

Kostnaður við rekstur íbúðakjarna er hærri en kostnaður við rekstur herbergjasambýlis vegna meiri þjónustu. Í ramma velferðarsviðs er gert ráð fyrir 33,3 mkr. til niðurlagningar herbergjasambýla. Lagt er til að það fjármagn verði nýtt í rekstur nýs íbúðakjarna. Með samþykkt tillögunnar verður hægt að leysa brýnan vanda íbúa í Vesturbrún hratt og örugglega. Að auki gefur þetta húsnæði möguleika á stækkun um tvær til þrjár íbúðir og þá um leið tækifæri til að bregðast við breyttum þörfum annarra íbúa í herbergjasambýlum sem glíma við vaxandi aldurstengdar farniskerðingar.